

Samkomulag ASÍ og SA
um vinnustaðaskírteini og framkvæmd eftirlits á vinnustöðum
tekur breytingum sem hér segir:

2. gr. um gildissvið breytist þannig að í 1. mgr. bætist frá og með 1. september 2024:
Fiskvinnsla (Ísat 10.2)
Hreingerningaráþjónusta (Ísat 81.2)
Matvöruverslanir (ekki stórmarkaðir) (Ísat 47.11.1)
Önnur blönduð smásala (Ísat 47.19)

Við 2. mgr. 4. gr. bætist nýr málslíður:

Þar sem óhentugt er vegna aðstæðna, t.d. vinnufatnaðar, að starfsmenn beri skírteini á sér, er heimilt að staðsetja þau á öðrum stað þar sem starfsmenn og eftirlitsfulltrúar geta vitjað þeirra.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein:

Atvinnurekanda er heimilt að gefa út rafræn vinnustaðaskírteini sem hægt er að framvísa í farsíma eða framsenda beint frá atvinnurekanda til eftirlitsfulltrúa.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein:

Öll vinnsla persónuupplýsinga í miðlægum gagnagrunni skal vera skv. lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Sérstaklega skal gæta að skráningu og vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein:


Á framkvæmdarsvæðum skal aðalverktaki, eða eftir atvikum stýriverktaki, vera með aðgengilega skrá yfir öll fyrirtæki sem starfandi eru hverju sinni í undirverktöku fyrir bæði aðalverktaka eða undirverktaka í viðkomandi verki. Óski eftirlitsfulltrúi eftir slíkri skrá ber aðalverktaka að afhenda hana á verkstað.

Við 5. mgr. 8. gr. bætist nýr málslíður á eftir fyrsta málslíð:

Á vinnusvæðum þar sem gilda sérstakar takmarkanir vegna öryggismála er við það miðað að eftirlit fari fram á svæðum þar sem starfsfólk tekur sér hlé frá störfum, s.s. matstofum. Sama á við þar sem starfsfólk vinnur við vélar sem stjórna vinnuhraða eða ekki hægt að víkja frá vegna framleiðslunnar, s.s. í fiskvinnslu.

Reykjavík, 31. maí 2024

F.h. samninganefndar
Alþýðusambands Íslands



f.h. Samtaka atvinnulífsins



Með samkomulagi SA og ASÍ dags. 31. maí 2024 er gerð breyting á gildandi samkomulagi aðila um vinnustaðaskirteini og framkvæmd eftirlits á vinnustöðum. Með samkomulaginu eru m.a. matvöruverslanir færðar undir gildissvið samkomulagsins (ÍSAT 47.11.1). Samkomulagið nær þó ekki til matvöruverslana sem teljast vera „stórmarkaðir“. Það er sameiginlegur skilningur sammingsaðila að með því sé ekki einungis átt við stærri matvöruverslanir heldur einnig þær sem falla undir „keðjur“ matvöruverslana (s.s. verslanir Haga, Festis og Samkaupa).

31. maí 2024

F.h. Alþýðusambands Íslands

Handwritten signature in blue ink, appearing to read "Dumbjörn Jónsson".

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Handwritten signature in blue ink, consisting of stylized, overlapping loops.